


Fréttabréf Kötlu-kots nóvember 2012



Í leikskóla er gaman, þar leika allir saman, þeir leika úti og inni og allir eru með. Hnoða leir og lita, þið ættuð bara að vita hvað allir eru duglegir í leikskólanum hér. KÖTLU-KOT!!!

Heimasíðan okkar er:

<http://dalvikurbyggd.is/araskogarskoli/>

Ef spurningar vakna þá endilega hafðu samband í síma 460-4970 eða senda póst.

Gunnþór Eyfjörð skólastjóri
gunnthore@dalvikurbyggd.is
Hjördís Jóna deildarstjóri
jona@dalvikurbyggd.is

Komið þið sæl

Þá er veturkonungur mættur og minnir okkur á að allra veðra er von—nauðsynlegt að passa uppá að klæðnaður sé nægur, hafa ullarsokka, hlýja peysu og nóg af vettlingum. Þemavika verður hjá okkur aftur í nóvember og að þessu sinni ætlum við að einbeita okkur að ímyndunaraflinu og leikjum. Á heimasíðunni er komin sér staður fyrir Kötlu-kot þar sem við munum setja inn uppl. er varða yngstu nemendur skólans—mánaðarskrá, bréf ofl.

Kötlu-kot hefur beinan síma sem hægt er að hringja í ef foreldrar vilja ná í okkur sérstaklega—síminn er: **460-4973**

12. nóvember er skertur dagur—Allir fara heim eftir hádegismatinn. Starfsfólk fundar eftir hádegi.

Við biðjum foreldra að fylgjast með gjöldunum hjá sér og láta vita ef eitthvað er ekki í lagi svo hægt sé að lagfæra það sem fyrst—ekki er gott ef leiðrétt þarf langt aftur í tímann ef eitthvað

Sund er á þriðjudögum hjá árgangi 2007 og leikfimi á föstudögum hjá Vinahóp (börn fædd 2007 og 2008) og nauðsynlegt er að muna eftir klæðnaði fyrir þessar stundir. Vinahópur fer einnig í tölvutíma til Bjarna á miðvikudögum og eru það mjög skemmtilegir og spennandi tímar :))

Lena Marín er hætt hjá okkur og óskum við henni góðs gengis á nýjum leikskóla :) Þá byrjar hjá okkur hún Katla María og bjóðum við hana velkomna.